

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerð 11. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu föstudaginn 13. febrúar 2015 kl. 9.30

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samningar um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019
3. Frumvarp um byggðaaætlun/sóknaráætlanir
4. Leiðbeiningar vegna verklagsreglna uppbyggingarsjóða
5. Önnur mál

Mættir: Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Anna Guðrún Björnsdóttir (sambandinu), Björn Helgi Barkarson (UAR, yfirgaf fundinn kl. 10.00), Elvar Knútur Valsson (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR). Auk þeirra sátu fundinn Baldur Sigmundsson (ANR, yfirgaf fundinn kl. 10.20) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Aðalsteinn Óskarsson (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Ísafirði.

Fjarverandi: Heiður Björnsdóttir (VEL) og Unnur Orradóttir Ramette (UTN).

Formaður setti fundinn og bauð nýjan fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Björn Helga Barkarson, velkomin.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Samningar um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019

Skrifað undir samninga um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019 við alla átta landshlutana í vikunni. Þann 10. febrúar fór fram formleg athöfn í Ráðherrabústaðnum í Reykjavík þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og forsvarsmenn sex landshlutasamtaka skrifuðu undir samninga. Fulltrúar tveggja landshlutasamtaka, Eyþings og SSA, áttu ekki heimangengt vegna ófærðar, en þeir undirrituðu samningana daginn eftir við Mývatn, meðal annars í viðvist forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra.

3. Frumvarp um byggðaaætlun/sóknaráætlanir

Formaður greindi frá þeirri vinnu sem átt hefur sér stað frá síðasta fundi stýrihópsins, en hann ásamt verkefnisstjóra, Baldri lögfræðingi ANR, Önnu Guðrúnu frá sambandinu og Héðni frá FOR hafa unnið drög að frumvarpi til laga um byggðaaætlun og sóknaráætlanir og breytingar á lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun. Fundarmenn höfðu fengið drögin send fyrir fundinn.

Farið var yfir frumvarpið lið fyrir lið og gerðar á því lítilsháttar breytingar. Drögin verða send landshlutasamtökunum til óformlegrar umsagnar eftir helgi. Í framhaldinu fer stýrihópurinn yfir umsagnir og setur

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

frumvarpið í ferli. Frumvarpið er á þingmálaskrá og stefnt er að því að ráðherra mæli fyrir því fyrir 30. mars nk.

4. Leiðbeiningar vegna verklagsreglna uppbyggingarsjóða

Ákveðið hafði verið að stýrihópurinn tæki saman leiðbeiningar sem landshlutasamtökin gætu stuðst við við gerð verklagsreglna fyrir uppbyggingarsjóð. Fundarmenn höfðu fengið send drög að leiðbeiningum fyrir fundinn. Farið var yfir þær og samþykkt að senda til landshlutasamtakanna.

5. Önnur mál

a) Lógó fyrir sóknaráætlanir landshluta

Samið hafði verið við grafískan hönnuð um að vinna tillögur að lógói fyrir sóknaráætlanir landshluta og bárust þær í vikunni. Ákveðið var að óska eftir því að unnið verði áfram með tvær tillögurnar og önnur þeirra verði svo fyrir valinu.

b) Samráðsfundur

Ákveðið að boða til samráðs- og vinnufundar stýrihóps og landshlutasamtaka í byrjun mars. Verkefnisstjóra falið að finna tíma og boða til fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00.